

**Grunnvatnsholur austan og sunnan við
Hverfell**

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-99-20

Grunnvatnsholur austan og sunnan við Hverfell.

Nýlega voru staðsettar þrjár borholur austan og sunnan Hverfells til að rannsaka grunnvatnsstreymi. Holurnar eru í röð frá norðri til suðurs og eru 6 km milli þeirrar nyrstu og þeirrar syðstu. Ein hola hefur áður verið boruð þarna nærri (AB-02). Hún er við jaðarinn á Búrfellshrauni, austan við Heiðarsporð, en svo heitir goshyggurinn sem gengur norður frá Lúdent.


Hola AB-02 er 2 km austan við nyrsta borstaðinn sem hér er fjallað um. Hún er 69 m djúp, í u.þ.b. 355 m hæð yfir sjó, og dýpi á vatnsborð í henni er kringum 56 m. Ástandslýsing var gerð á henni 1993. Þar fylgir með jarðlagasnið, ófullkomið reyndar því holan var boruð með höggbor.

Hér að neðan verður borstöðunum lýst og getið sér til um jarðlög, grunnvatnsstöðu og út frá því áætlað um nauðsynlegt holudýpi. Gert er ráð fyrir að fódra þurfi holurnar í botn. Fóðringin þarf að vera raufuð eða göt skotin á hana neðan grunnvatnsborðs. Holurnar eru allar við eða nærri vegarslóða. Vatn er ekki að hafa nærri þeim nema það verði sótt yfir 2 km leið í Hlíðardalslækinn sem rennur austan við Heiðarsporð og hverfur ofan í hraunið.

1. Nyrsta holan er spölkorn vestan við slóðina, tæplega 1 km suðaustur af Beinahrygg (úr bólstrabergi). Staðurinn er merktur með tréhæl efst í hraunhól og slétt í kring. Landhæð er 366 m. Líkleg grunnvatnshæð er lítið yfir 290 m. Holudýpi er áætlað 90 m. Jarðlög yrðu: efst hraun úr Lúdentsborgum (0-15 m). Þar undir jarðvegslag (um 1 m). Síðan hraun úr Heiðarsporði, nokkur lög með lausakarga á milli (gætu reynst um 40 m þykk). Þar undir setlög (sandur, mól og silti, 10-20 m) og loks móberg eða bólstraberg.
2. Miðholan er rétt við norðvesturhornið á þykka hrauninu úr Hraunbungu, um 400-500 m frá Lúdent (öskugígnum). Landhæð er tæpir 350 m. Líkleg grunnvatnshæð er 290 m. Holudýpi er áætlað 80 m. Jarðlög yrðu: Efst hraun úr Lúdentsborgum (0-5 m). Þar undir jarðvegur og gjall (2-4 m). Síðan hraun úr Heiðarsporði, nokkur lög með gjalli og lausakarga á milli (gætu reynst 20-30 m). Þar undir aska úr Lúdent (2-5 m), mól og sandur (um 10 m) og loks móberg og/eða grágrýti.
3. Syðsta holan er skammt austan við nyrstu gígana í Þrengslaborgaröðinni, við slóð ca. 200 m norðan við SV-hornstaur á sandgræðslugirðingu. Landhæð er 335 m. Grunnvatnshæð er líklega kringum 295 m. Holudýpi er áætlað 70 m. Jarðlög yrðu: efst: Hraun úr Þrengslaborgum eitthvað lögótt og gjall milli laga (0-10 m). Þar undir jarðvegur (um 1 m). Síðan hraun úr Heiðarsporði, nokkur lög með lausakarga á milli (20-30 m þykk). Þar undir er líklega mól og sandur (20-30 m) og þar undir móberg og/eða grágrýti.

Ef jarðlögin skyldu standa eftir að kemur niður úr malar-og sandlögunum sem reiknað er með að séu undir hrauninum má að sjálfsögðu spara fóðringuna. Áriðandi er að taka sýni af borsvarfi eins og venja er til.

Kristján Sæmundsson



Lehuigja

Kuwasga

ABS
02